



Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21.03.2016
Tilv. 60.2.1/GRÆ
JS/mp

**Málefni: Þingsályktunartillaga um samstarf Íslands og Grænlands, 23. mál, 145.
löggjafarþing**

Vísað er til erindis Utanríkismálanefndar Alþingis dags. 2. mars 2016, um ofangreint málefni.

Hafrannsóknastofnun telur framkomna þingsályktunartillögu jákvæða þar sem m.a. er stefnt að öflugum rannsóknasamstarfi Umhverfisstofnunar Grænlands og stofnana á Ísland sem starfa á svipuðum fræðasviðum og tengjast norðurslóðum. Þess má geta að í apríl 2014 gerðu Hafrannsóknastofnun og Umhverfisstofnun Grænlands með sér samning um aukið samstarf og samvinnu sem þegar hefur leitt til sameignlegra verkefna m.a. hvað við kemur rannsóknum á útbreiðslu makríls innan lögsögu Grænlands með rs. Árna Friðrikssyni þá hafa átt sér stað heimsóknir vísindamanna beggja stofnana á þessum grundvelli. Á tímum veðurfarsbreytinga, eins og nú eru að eiga sér stað á hinu víðáttumikla hafsvæði milli Íslands og Grænlands, er mikilvægt að hafrannsóknir verði eflar og verkefni samræmd þannig að hagur verði af fyrir báða aðila.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,

Jóhann Sigurjónsson